

Félag eldri borgara á Akureyri

5. stjórnarfundur EBAK, 25. september 2019 kl. 13.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Margrét Pétursdóttir varaformaður, Dóra S. Jónasdóttir gjaldkeri, Hallgrímur Gíslason ritari, Garðar Lárusson, Nanna Þórsdóttir, Sigurður Harðarson og Torfhildur Þorgeirsdóttir.

Fjarverandi: Birgir Björn Svavarsson og Egill Jónsson.

1. **Fundarsetning.** Haukur setti fund kl. 12:55.
2. **Fundargerð til afgreiðslu.** 4. stjórnarfundur 21. ágúst 2019. Samþykkt samhljóða.
3. **Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd.
Garðar var 11. sept. Afsláttur gildir ekki lengur í Blómabúð Akureyrar og Blómabúðinni Akri. Spurt var um árgjaldið. Haukur var 18. sept. 2 gengu í félagið. Spurt var um hvernig á að gerast meðlimur á Facebook. Dóra verður í viðveru á eftir.
4. **Viðvera á skrifstofu:** 2. okt. Torfhildur; 9. okt. Sigurður; 16. okt. Nanna; 23. okt. Hallgrímur.
5. **Næsti stjórnarfundur:** Tillaga um fimmtudaginn 24. október nk. kl. 13.00-15.00. Samþykkt.
6. **Verkefni milli stjórnarfundu:**
 - a) Starfið í Bugðusíðu í ágúst-sept. Margrét sagði frá þátttöku í snóker, göngum í Kjarnaskógi, síðasta Pálínukaffi o.fl.
 - b) Lýsa – Rokkhátíð samtalsins 6.-7. sept. Haukur sagði frá hátíðinni í stuttu máli. LEB var ásamt öðrum með bás. Yfir 50 atburðir voru á dagskránni. Torfhildur sagði frá sinni sýn á hátíðina.
 - c) Fundur stjórnar með nefndaformönnum, 25. september kl. 10. Almenn ánægja ríkti með fundinn. Æskilegt væri að hafa hljóðnema.
 - d) Húsnæðisnefnd EBAK. Ekkert er að gerast sem stendur.
 - e) Skýrsla og ársreikningar til Akureyrarbæjar. Ritari sendi framangreint til sviðsstjóra samfélagssviðs þann 5. september sl. Hann sagði lítillega frá efni skýrslunnar.
 - f) Fundir með sviðsstjóra og forstöðumanni hjá Akureyrarbæ. Margrét og Hallgrímur sátu fund með Kristni J. Reimarssyni og Bergljótu Jónasdóttir um ýmis málefni. Margrét sagði frá fundinum í nokkrum orðum og tók fram að tækifærið hefði verið nýtt til að sýna gestunum skemmdir á sviði og á gólfefnum. Haukur og Dóra sátu síðan fund með Kristni og Bergljótu um fjármálahlíð samstarfsins, samkvæmt samningi við bæinn.
7. **Endurnýjun samninga við Akureyrarbæ.** Haukur skýrði frá launakostnaði við starfseminu í Bugðusíðu. 87,5% starfshlutfall. Heildarlaunakostnaður fyrir árið 2019 verður um 4.770.000, Auk þess er kostnaður við aukinn bókhaldskostnaður um 132.000 á árinu. Áætlaður kostnaður á árinu 2020 er ríflega kr. 5.200.000. Búið er að skrifa bréf til samfélagssviðs bæjarins með beiðni um leiðréttingu framlagsins, en laga þarf endi bréfsins og var ritara og formanni falið að ganga frá honum. Rætt var um málið út frá ýmsum sjónarhornum.
8. **Námskeiðahald á haustönn:**
 - a) Spjaldtölvukynning. Ákveðið að byrja föstudaginn 4. október eftir hádegi.
 - b) Matreiðslunámskeið.
 - c) Skriðsundsnámskeið.
 - d) Dansklúbbur og dansnámskeið. Undirbúningsfundur verður að loknum þessum fundi. Hæpið að nokkuð gerist fyrr en félagarnir koma frá Kanarí.
9. **Starfið í Bugðusíðu í vetur.** Bæklingur er kominn út. Myndlistarnámskeið verður í október í Bugðusíðu. Pálínukaffið er vinsælt.

10. **Starfslokanámskeið fyrir Akureyrarbæ** 3. október kl. 17. Margrét verður þar með kynningu á EBAK.
11. **Félagsskírteini og innheimta árgjalda.** Dóra og Garðar koma með ákveðna punkta um málið á næsta stjórnarfund.
12. **Ferðir á milli félagsmiðstöðva.** Rætt um möguleika á slíkum ferðum. Torfhildur og Sigurður taka að sér að skoða málið.
13. **Önnur mál:**
 - a) Bréf vegna notkunar á sal vegna hugleiðslujóga. Ekki er mögulegt að verða við erindinu vegna fordæmis. Margrét svarar umsækjanda.
 - b) Bréf vegna jólagleði notenda í Skógarlundi. Ekki er hægt að koma á móts við umsækjanda. Margrét svarar erindinu.
 - c) Hallgrímur sagði frá fundi aðal- og varafulltrúa öldungaráðs, sem haldinn var í Bugðusíðu 1 24. september. Hann dreifði uppkasti að dagskrá málstofu sem á að vera í Háskólanum á Akureyri 10. október undir heitinu Er gott að eldast á Norðurlandi/Akureyri? Hrefna Hjálmarsdóttir verður þar með 15 mínútna erindi fyrir hönd Öldungaráðs Akureyrarbæjar. Einnig var ítrekað á fundinum að æskilegt væri að stjórn EBAK hefði frumkvæði að sameiginlegum fundi þeirra og aðalfulltrúa félagsins í ráðinu.
 - d) Athugasemd hefur verið gerð vegna lélegra aðstæðna fyrir fyrirlesara, þar sem tölva er ekki á ræðupúlti.
 - e) Hallgrímur dreifði lista yfir fulltrúa í notendaráði.
 - f) Félag eldri borgara á Húsavík kemur til Akureyrar mánudaginn 30. sept., verður í hádegismat í Víðilundi og kemur jafnvel í Bugðusíðu. Margrét verður fulltrúi EBAK.
 - g) Erindi kom fram um að kaupa 40 söngbækur @1.200 kr. Dóra afgreiðir það mál.
 - h) Haukur minntist á að halda þyrfti kynningarfund á EBAK í samvinnu við fræðslunefnd. Margrét ætlar að kanna mögulega dagsetningu.
 - i) Dóra minntist á umbun til sjálfboðaliða í Bugðusíðu og sér hún um þá framkvæmd.
14. **Fundi slitið.** Formaður sleit fundi kl. 15:00.

Fundargerð ritaði Hallgrímur Gíslason.